

2. fundur Betadeildar starfsárið 2019 – haldinn í Menntaskólanum á Akureyri, 22. október kl. 19:00

Setning fundar

Sigríður Magnúsdóttir formaður setti fundinn og bað Jónínu að kveikja á kertum.

Orð til umhugsunar

María Steingrímsdóttir flutti orð til umhugsunar. Hún hafði verið að fara í gegnum gamalt dót frá foreldrum sínum og rakst á ýmis skemmtileg og fróðleg skrif svo sem pósíbækur og námsefni sem segja marga um samtíma sinn og eigendur. María sagði marga á sínum aldri fást við að fara í gegnum álíka efni og það geti verið álitamál hvað eigi að gera við slíkt persónulegt efni.

Konur kynna sig

Minnie Eggertsdóttir og Kristín Elva Viðarsdóttir sögðu frá sínum uppruna, lífi og störfum.

Fundargerð síðasta fundar

Elín las fundargerð síðasta fundar sem var haustferð Betasystra þann 19. september og var hún samþykkt með litlum breytingum og tillögum að viðbótum.

Erindi frá stjórn

- Sigríður flutti kveðjur frá fjarstöddum konum og nefndi sérstaklega að Eygló væri stödd úti í Austin þar sem verið væri að velja nýjan aðalforseta samtakanna.
- Útbreiðslunefnd hafði leitað eftir uppástungum frá Betasystrum um nýjar konur í deildina. Stungið var upp á sex konum sem voru kynntar á fundinum. Betasystur voru beðnar um að hafa samband við útbreiðslunefnd á næstu tveimur vikum vilji þær koma á framfæri athugasemdum vegna tilnefninganna. Útbreiðslunefnd mun í samráði við stjórn taka ákvörðun um framhaldið þ.e. hvenær kosning fer fram um inngöngu og hvenær nýjum konum verður boðið á fund.
- Sigríður færði Jónínu Hauksdóttur sem varð fimmtug á árinu afmælisgjöf, gjafakörfu UNICEF sem bætir líf barna í neyð. Jónína þakkaði fyrir sig og sagðist yfir sig ánægð með gjöfina og þessa afmælisgjafahefð Betasystra.

Kaffihlé var gert og að vanda voru veglegar veitingar sem konur gæddu sér á. Dregið var í happdrættinu og hlaut Kristín vinningin. Að venju minnti pyngjan góða á sig.

- Sigríður minnti á ný lög um inntöku félaga. Rætt var um að ferli umsókna þurfi að vera skýrt og forma þurfi reglur. Ákveðið var að útbreiðslunefnd myndi setja saman tillögur að reglum sem verði til umræðu og síðan bornar upp á aðalfundi. Fram kom hugmynd um að hafa samband við aðrar deildir sem sennilega eru einnig að velta þessum nýju reglum fyrir sér.
- Sigríður sagði landssamtökin setja fjármagn í fræðslustarf og meðal annars standi það deildum til boða að fá erindi Elvu Ýrar Gylfadóttur um miðlalæsi sem fjallar um mikilvægi þess að kenna læsi í víðum skilningi. Konur lýstu áhuga sínum á að fá þetta erindi og vera þá mögulega í samvinnu við aðrar deildir á Norðurlandi.
- Sigríður minnti félagskonur á að láta sig eða Eygló vita ef breytingar verða á netföngum og heimilisföngum. Jafnframt minnti hún konur á að félagsgjöldin verði framvegis til greiðslu á vorin.
- Konur voru hvattar til að fylgjast vel með heimasíðu samtakanna og lesa m.a. yfir lög samtakanna og fundargerðir framkvæmdaráðs.
- Sigríður kallaði eftir athugasemdum á vetrardagskránni.

Önnur mál

- Aníta flutti góðar kveðjur frá Ingibjörgu E. Guðmundsdóttur landssambandsforseta sem sagðist gjarnan hefði viljað vera stödd sjálf á fundinum en hafði falið Anítu það verkefni að færa Hönnu Salómonsdoóttur kærar þakkir landssambandsstjórnar fyrir framlag hennar til alþjóðaðþingsins á liðnu sumri. Aníta las kveðju til Hönnu frá landssambandsstjórn þar sem m.a. sagði að framlag Hönnu til þingsins hafi átt þátt í að gera þeim sem þingið sóttu afar eftirminnilegt.

Umræður og vangaveltur um einkunnarorðin: Verum vakandi og virkar út frá nýútkominni bók Andra Snæs *Um tímann og vatnið*

Þar sem mál fundarins höfðu dregist allverulega gafst lítill tími í umræður sem undirbúningshópur hafði sett á dagskrá. Hildur sagði undirbúningshópin vilja vekja athygli á þeim þætti sem kemur fram í bók Andra Snæs sem snýr að mikilvægi valdeflingar kvenna þegar verndun umhverfis er rædd. Þann þátt má svo eðlilega tengja við einkunnarorðin: *Verum vakandi*

og virkar. Fundurinn sýndi mikinn áhuga á umræðunni en þar sem fundartíminn var á þrotum kom upp sú hugmynd að taka umræðuna síðar.

Fundarslit

Jónína slökkti á kertum og Sigríður sleit formlegum fundi kl. 21:35.

Fundargerð ritaði Elín Elísabet Magnúsdóttir